

## Í hnotskurn um fríverslunarsamning Íslands og Kína

Hinn 15. apríl 2013 undirrituðu utanríkisráðherra Íslands og utanríkisviðskiptaráðherra Kína fríverslunarsamning milli ríkjanna að viðstöddum forsætisráðherrum beggja landa. Gildistaka samningsins er háð samþykkt Alþingis.

Um er að ræða hefðbundinn fríverslunarsamning sem bætir verulega viðskiptakjör milli Íslands og Kína. Samningurinn er samskonar öðrum fríverslunarsamningum sem Ísland hefur gert á vettvangi EFTA. Bæði Sviss og Noregur eiga í viðræðum við Kína um fríverslun.

Samningurinn kveður á um niðurfellingu tolla á öllum helstu útflutningsafurðum Íslendinga, í flestum tilvikum frá gildistöku samnings. Allar sjávarafurðir verða tollfrjálsar en algengir tollar á þeim eru á bilinu 10-12%. Tollar á fáeinum vörum falla niður í áföngum, á 5 eða 10 árum. 90% útflutnings til Kína eru sjávarafurðir. Líkt og í öðrum fríverslunarsamningum fellir Ísland niður tolla á öllum vörum, að undanskildum ákveðnum landbúnaðarafurðum. Þess má geta að 70% af tollalínum í íslensku tollskránni bera nú þegar engan toll.

Samningurinn nær einnig til þjónustuviðskipta eins og til dæmis ferðaþjónustu og sjóflutninga. Skuldbindingar Íslands eru í samræmi við það sem gert hefur verið í öðrum samningum og rúmast innan gildandi laga og reglna á Íslandi. Ein af megináherslum Kína á fyrri stigum viðræðna var aukið frelsi varðandi aðgang þjónustuveitenda að íslenskum vinnumarkaði. Ísland féllst ekki á neinar skuldbindingar í þeim efnum og gildir núverandi íslensk löggjöf óbreytt um þau efni. Í fríverslunarsamningum er aldrei samið um frjálsa för fólks í anda EES-samningsins. Nokkur svið verða alfarið undanskilin, svo sem opinber þjónusta, heilbrigðis- og menntunarþjónusta.

Fríverslunarsamningurinn hefur engar breytingar í för með sér varðandi heimildir Kínverja til fjárfestinga á Íslandi. Samningur ríkjanna frá 1994 um vernd fjárfestinga heldur gildi sínu og er til hans vísað í samningnum.

Sérstakur kafli er um hugverkaréttindi. Staðfesta samningsaðilar að eitt af markmiðum hans sé að tryggja vernd hugverkaréttinda í samræmi við alþjóðasamninga á þessu sviði.

Í almennum samstarfskafla er áréttað að samstarf ríkjanna nái til fleiri þátta en viðskipta. Er þar vísað í fjölbreytt samstarf sem nú þegar er til staðar og látin í ljós sú ósk að það verði aukið, m.a. á sviði jafnréttismála, vísinda-, mennta-, menningar- og orkumála. Samningurinn kveður einnig á um að ríkin skuli auka samstarf sitt á sviði umhverfisverndar og vinnumála.

Í tilefni af undirritun fríverslunarsamningsins gáfu forsætisráðherrar Íslands og Kína út sameiginlega sérstaka yfirlýsingu, um reglubundið pólitískt samráð sem tekur meðal annars til mannréttinda. Yfirlýsingin tryggir vettvang til að taka upp hver þau mál sem stjórnvöld telja mikilvægt að ræða.

Áhugi íslenskra fyrirtækja og einstaklinga á samningnum er mikill. Til að koma til móts við þennan áhuga setti utanríkisráðuneytið upp sérstakan vef með upplýsingum um samninginn, <http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/friverslun-vid-kina>, tilurð hans og meginefni. Á vefnum er gefinn kostur að senda inn spurningar og er þeim svarað eins fljótt og auðið er. Samningurinn er birtur á vefnum á íslensku og ensku.

Ítarlegt samráð hefur verið haft við utanríkismálanefnd Alþingis, aðila vinnumarkaðarins og fyrirtæki sem stunda viðskipti við Kína eða hafa hug á að stofna til slíkra viðskipta. Mikill fjöldi fyrirtækja hefur leitað til ráðuneytisins um upplýsingar, ráðgjöf og aðstoð.